



Alþingi  
Erindi nr. P 132/916  
komudagur 20.2.2006

Til nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2006

**Efni:** *Umsögn íslenskuskorar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.*

Íslenskuskor Háskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., sem menntamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Á fundi íslenskuskorar 1. feb. 2006 var samþykkt að fela tveimur skorarmönnum að skrifa umsögn um frumvarpið, sbr. fundargerð skorar. Umsögn þessi, sem smávægilegar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar á, fylgir hér á eftir.

Meginbreytingin sem lögð er til í ofangreindu frumvarpi er að rekstrarformi Ríkisútvarpsins verði breytt úr ríkisstofnun í hlutafélag í eigu ríkisins. Íslenskuskor tekur ekki efnislega afstöðu til þessarar breytingar en leggur hins vegar áherslu á að hún verði ekki til þess að breyta starfsemi útvarpsins í þá átt að rekstrarlegar forsendur verði fremur hafðar að leiðarljósi en menningarhlutverkið. Í því sambandi bendir skorin á eftirfarandi atriði:

Í 9. grein gildandi útvarpslaga segir m.a.: „Kappkosta skal að hlutur innlends efnis í dagskránni verði ætíð sem mestur og til þess vandað svo sem verða má ...“. Þetta ákvæði er hvergi að finna í hinu nýja frumvarpi og telur skorin það mjög miður. Mikilvægi innlends dagskrárefnis fyrir íslenska menningu og einkum íslenska tungu verður vart ofmetið. Um þessar mundir er staða íslenskrar tungu mjög til umræðu. Þótt skoðanir séu skiptar um það í hversu bráðri hættu tungan sé blandast engum hugur um það að mikilvægt er að rækta málið og nota það á öllum sviðum þjóðlífsins. Innlend dagskrágerð og innlent dagskrárefni í útvarpi og sjónvarpi er einn mikilvægasti þátturinn í þeirri ræktun. Íslenskuskor leggur því mikla áherslu á að ákvæði af þessu tagi haldist í útvarpslögum.


Í 3. mgr. 3. greinar frumvarpsins segir að efni það sem Ríkisútvarpið framleiðir og dreifir skuli „fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni“. Í 9. grein gildandi laga segir aftur á móti að til innlends efnis skuli „vandað svo sem verða má“, eins og vitnað er til hér að framan. Mikilvægt er að þessa orðalagsbreytingu beri ekki að skilja þannig að slegið verði af kröfum og því leggur skorin til að seinni hluti 3. mgr. 3. greinar orðist svo: „Efnið skal vera svo vandað og fjölbreytt sem kostur er.“

Íslenskuskor lýsir ánægju með að efnisatriði flestra þeirra ákvæða gildandi útvarpslaga sem varða íslenska tungu og menningu er að finna í frumvarpinu. Þar er um að ræða 3. grein frumvarpsins (einkum 1. mgr.) og 6. grein þess. Þó vill skorin benda á að í 3. mgr. 3.

greinar gildandi laga segir: „Ríkisútlit skal flytja efni m.a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar.“ Í 8. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir hins vegar: „Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþróttar og annars tómstundastarfs.“ Hér hafa bókmenntirnar því fallið brott. Þótt e.t.v. megi segja að þær falli undir listir og því sé óþarfi að nefna þær sérstaklega telur skorin þessa breytingu óheppilega. Bókmenntir og bókmenntaumfjöllun hafa ævinlega skipað veigamikinn sess í Ríkisútliti og mikilvægt er að svo verði áfram. Til að hnykkja á því telur skorin sjálfsagt að nefna bókmenntir sérstaklega í þessari grein og leggur því til að hún orðist svo: „Að flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda, sögu, íþróttar og annars tómstundastarfs.“

Að öðru leyti sér íslenskuskor ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið.

F.h. íslenskuskorar Háskóla Íslands

  
Jón Axel Harðarson  
skorarformaður